

Um Sveitadaga að vori í Varmahlíðarskóla

Verkefnið *Sveitadagar að vori* byggir á margra ára hefð sem þróast hefur með tíð og tíma allt frá árinu 1994. Upphaflega var þetta samstarfsverkefni fjögurra sveitaskóla á Vestur- og Norðvesturlandi. Tilgangur þess er m.a. að mæta sérstöðu skóla í dreifbýli, en Varmahlíðarskóli skilgreinir sig sem sveitaskóla í nútímasamfélagi, og leggur sig fram um að vera trúr því hlutverki. Stærstur hluti nemenda kemur úr dreifbýlinu, allt frá Hjaltadal til Vesturdals. Lögð er áhersla á að starf skólans sé sveigjanlegt og geti með því lagað sig að þeim viðfangsefnum sem hæst bera í heimahéraði hverju sinni.

Á sveitadögum færir skólinn sig út fyrir lóðarmörk og foreldrar ganga til liðs við skólastarfið með því að taka nemendur heim á bæi. Nemendur skólans eru þessa daga heima á bæjum og nemendur sem ekki búa í sveit fá inni hjá skólafélögum, vinum og vandamönnum. Allir nemendur skólans sinna fjölbreyttum vorverkefnum sem til falla, s.s. sauðburði, undir handleiðslu foreldra. Allir eru boðnir og búnir að taka þátt og leggja verkefninu lið.

Síðustu ár hafa sveitadagarnir verið skipulagðir þannig að fjórir virkir dagar eru undir og allir nemendur, frá 1. – 10. bekk, taka þátt. Hver og einn ritar dagbók fyrir hvern dag auk þess sem þeir fá fjölbreytt verkefni, ólík eftir aldri, sem þeir vinna. Matsblað er sent heim til foreldra sem þeir fylla út að sveitadögum loknum. Nemendur skila svo dagbókinni, verkefnum sínum og matsblaði frá foreldrum til umsjónarkennara. Farið er yfir verkefnið, þau metin og gefin einkunn fyrir. Sem dæmi um verkefni má nefna upplýsingar um bæinn, ábúendur og búskaparhætti, veðurfar, fuglaskoðun, ræktun og áburðarnotkun og orkumál svo fátt eitt sé nefnt.

Sveitadagar að vori hefur hlotið einróma lof foreldra og eru þeir afar ánægðir með þetta fyrirkomulag, enda annatími í sveitum. Þátttaka þeirra er lykilatriði í þessu verkefni því án þeirra liðsinnis væri þetta ekki framkvæmanlegt. Sveitadagarnir eru lýsandi dæmi um það hverju samstaða heimila og skóla getur áorkað.

Sveitadagarnir eru jafnframt lýsandi vitnisburður um það með hvaða hætti sveigjanleiki skólastarfs getur verið og að skólastarf er ekki einungis bundið við að fara fram innan veggja skólahúsnæðisins. Með þeim er einnig haldið að nemendum mikilvægi sinnar heimabyggðar, sögu hennar og þeim atvinnuháttum sem það byggir á.

Í einu verkefnanna frá vori 2014 voru nemendur beðnir um að setja fram hugleiðingu um starf bóndans. Einn þeirra setti niður eftirfarandi orð:

„Mig langar að verða bóndi því það er mjög fjölbreytt starf. Þar ræður maður sínum vinnutíma og hvernig maður skipuleggur verk sín. Mín áhugamál eru kýrnar og hvernig er hægt að hirða þær. Ég hef mikinn áhuga á að koma mér upp fjósi sem er haganlega skipulagt með tilliti til vinnuhagræðingar. Ég hef áhuga á því að rækta upp tún og hafa þess vegna gott fóður handa mínum kúm. Mig langar á Hvanneyri og læra um búskaparhætti og ræktun“ (Sigurður Sölvi Óskarsson).

(Að mestu tekið úr bréfi Ágústar Ólasonar, fyrrverandi skólastjóra um sveitadagana).